



REKSTRARSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
KNATTSPYRNUFÉLAGS AKUREYRAR
2019 - 2023

Rekstrarsamningur

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Knattspyrnufélag Akureyrar (í samningi þessum nefnt KA), kt. 700169-4219, gera með sér eftirfarandi rekstrarsamning:

I. Umfang og markmið samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um umsjón og daglegan rekstur á íþróttasvæði KA og þeirra mannvirkja sem innan íþróttasvæðisins eru, rekstur og umsjón með Akureyrarvelli og einnig umsjón með starfsmannavöktum í íþróttahúsi Naustaskóla. KA annast alla þjónustu og íþróttatengda starfsemi við almenning og við æfingar og mót á vegum félagsins og annarra sem nýta mannvirkin (Sjá íþróttasvæði KA á fylgiskjali nr. 1).

II. Afnot af íþróttasvæði KA

2. gr.

Akureyrarbær nýtir íþróttahús Lundarskóla, auk búnings- og baðaðstöðu og gervigrasvöll á íþróttasvæði KA, til notkunar fyrir skólaíþróttir, frá kl. 08:00 - 16:00 virka daga frá 20. ágúst til 10. júní ár hvert en utan þess tímaúthlutar ÍBA aðildarfélögum æfingatímum á opnunartíma íþróttahúss og gervigrasvallar, sjá nánar um opnunartíma íþróttasvæðisins í fylgiskjali nr. 3.

KA er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum, þ.e. þeim tímum sem Akureyrarbær eða ÍBA nýta ekki á einhverjum svæðum íþróttasvæðis KA á skilgreindum opnunartíma þess. Hafa skal samráð við íþróttadeild Akureyrarbæjar og ÍBA um slíka notkun.

3. gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta íþróttasvæði KA í einstaka tilfellum fyrir starfsemi hans eða fyrir viðburði á hans vegum. Akureyrarbær greiðir þann umfram rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef KA veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við KA og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

III. Rekstur íþróttasvæðis KA

4. gr.

Framlag Akureyrarbær vegna þessa samnings er kr. 68.500.000 árið 2019. Í fylgiskjali nr. 2 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar á samningstímanum. Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. KA á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr. 13.gr skal Akureyrarbær tilkynna KA um breytingar með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi. Beri fyrsta mánaðardag upp á langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

5. gr.

Aðalstjórn KA er ábyrg fyrir rekstri íþróttasvæðis KA og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.